

SAMUEL E. WALLER – MYNDLISTARMAÐUR Á NJÁLUSLÓÐUM

Hvassviðrasaman sumardag árið 1872 sat Samuel Edward Waller í skjóli við hrörleg fjárhús undir Fljótshlíð og horfði upp að Hlíðarenda. Daginn áður hafði þessi liðlega tvítugi breski listmálari teiknað mynd af bæjarstæðinu ofan úr hlíðinni með útsýni yfir Rangárvelli. Nú langaði hann til að gefa mynd af landslaginu upp af bænum. Waller sökksti sér ofan í vinnu sína en áður en honum auðnaðist að ljúka verkinu varð hann fyrir óvæntri truflun:

Fyrst heyrði ég að eitthvað nálgæðist óðfluga og síðan það ógurlegasta baul sem ég hef á ævinni heyrt. Ég leit upp, felmtri sleginn, og sá hvar illvígur skjöldóttur tuddi steðjaði upp hæðina í átt til mín, eins hratt og hann komst, með ófrýnilegt augnaráð, skvettandi halanum. Ég sleppti áhöldunum og skreið inn í kofann, skepnan fylgdi fast á hæla mér og ætlaði að elta mig inn. Til allrar hamingju voru dymnar alltof þröngar; eftir að hafa ólmast í gættinni góða stund, kraflandi með hornunum í torfið, gafst hann upp við að leita inngöngu og lét sér nægja að marséra fram og aftur fyrir utan.

Hvatinn að sex vikna ferð Wallers til Íslands þetta sumar voru kynni hans af The Story of Burnt Njal, enskri þýðingu Sir George Webbe Dasents á Njálssögu frá 1861. Einkum heillaðist hann af fyrri hluta sögunnar og þótti verkið rísa hæst við fall hetjunnar á Hlíðarenda. Raunar voru áhrif Njálu á þennan unga listamanns svo mögnuð að hann fann sig knúinn til að heimsækja söguviðið, ekki síst heimkynni Gunnars Hámundarsonar. Erindi hans þangað var að öðlast sem skýrasta mynd af lokapættinum í lífi „göfugasta manns Íslandssögunnar”. Og það er ekki hægt að gera mikið betur á þeim vettvangi en Waller í hinum æsilega tuddapætti. Þarna reyndi hann á sjálfum

sér hvernig það er að sitja í herkví úr torfi og grjóti, vitandi af illvígum andstæðingi utan við gættina. Eini munurinn var sá að nautið gafst að lokum upp, ófært um að vinda þakið af kofanum. Ólíkt Gunnari á Hlíðarenda níu öldum fyrr slapp Waller því lifandi úr þessu litla ævintýri.

Tveimur árum eftir Íslandsdvölinna gaf Waller út ferðabók sína sem hann kallaði Six Weeks in the Saddle. Auk frásagnar höfundarins geymir bókin fjórtan teikningar, þar á meðal þær sem Waller rissaði upp í grennd við Hlíðarenda. Hlutverk þessara mynda var tvíþætt. Annars vegar höfðu þær gildi fyrir ferðasöguna sem slíka. Hins vegar var þeim ætlað að auðvelda breskum unnendum Njálssögu að gera sér grein fyrir staðháttum á söguslóðum. Með almennari hætti eru viðhorf Wallers til Íslands á margan hátt lýsandi fyrir afstöðu þeirra fjölmörgu bresku ferðabókahöfunda og listamanna sem fylgt hafa í fótspor hans síðastliðin 140 ár. Kynni þeirra af Íslendingasögum og íslenskri menningu hafa ósjaldan mótad sýn þeirra á íslenskt landslag og fólkið sem hér býr og í sumum tilvikum verið einn höfuðhvati þess að þeir hafi heimsótt landið yfirleitt. Sú var þó ekki raunin framan af.

Elstu ensku Íslandsferðalýsingarnar voru afrakstur könnunarferða þar sem áhuginn beindist einkum að jarðfræði landsins og náttúru. Þeir hópar sem voru hér á ferð á árunum 1772 til 1834 settu flestir stefnuna á eitt eða öll hinna svokölluðu „ljóna” Íslands: Heklu, Geysi og Þingvelli, auk þess sem sumir klifu tind Snæfellsjökuls. En í fæstum tilvikum komu fornar bókmenntir og menning þjóðarinnar við sögu.

Leiðangurinn sem jarðfræðingurinn Sir Georges



Stewart Mackenzie skipulagði hingað til lands sumarið 1810 er þar að vísu markverð undantekning. Ferðabók Mackenzies hefst á vönduðum inngangi leiðangursmannsins og læknanemans Henrys Holland, sem gefur yfirlit um íslenska sögu og bókmenntir frá landnámi til loka átjándu aldar. Í ferðinni hafði Holland rætt við ýmsa Íslendinga um efnið og kynnt sér flest viðkomandi rit og þýðingar sem birst höfðu á latínu og ensku fram að þeim tíma. En ekki er að sjá að þeir Holland hafi haft veður af latneskri Njálu-þýðingu Jóns Jónssonar sem komið hafði út í Kaupmannahöfn árið áður en leiðangur Mackenzies lagði upp.

Þessi fjarvera Njáls sögu er þeim mun athyglisverðari að þeir félagar lögðu leið sína um Fljótshlíð og voru næturgestir að Hlíðarenda. Þar nutu þeir

gestrisni sýslumanns, Mackenzie festi kaup á kvenbúningi af húsfreyjunni og Holland tók sér tíma til að rissa upp mynd af bæjarstæðinu með Eyjafjallajökul í bakgrunni. Tilkomumikil litmynd bresks listmálara byggð á þessu rissi er birt í ferðabók Mackenzies. Þar er Markarfljóti einnig lýst og útsýninu til suðurs í átt að Vestmannaeyjum. En það stígur enginn reykur upp af Bergþórshvoli, engar fornar hetjur sjást ríða um héraðið. Sögulegasta persónan sem þeir Mackenzie hitta á þessum slóðum er presturinn á Eyvindarstaðarmúla sem býður þeim Holland í nefið í miðri guðþjónustu, styrkir sig á brennivíni á meðan sálmarnir eru sungnir og styttir athöfnina í annan endann til að geta orðið Bretunum samferða aftur að Hlíðarenda.

Forsendur fyrir þeirri breyttu sýn sem sem við

finnum í bókum ferðamanna eins og Wallers fólust annars vegar í þeim fjörkipp kom í þýðingar á Íslendingasögunum í Bretlandi um og eftir 1860 og hins vegar í bættum samgöngum. Sumarð 1856 hófust reglulegar áætlunarferðir gufuskipa til og frá Íslandi sem tryggðu ferðamönnum tiltölulega ódýr fargjöld og ábyggilega komu- og brottfarardaga. Í kjölfarið varð sprenging í útgáfu ferðabóka um Ísland á ensku, en þá hafði rúmlega tuttugu ára hlé verið á slíkri útgáfu í Bretlandi.

Fyrsti Bretinn sem fléttaði saman ferð um Ísland og frásögn Njáls sögu var Frederick Metcalfe, kennari við Oxford-háskóla, sem kom hingað til lands sumarið 1860. Metcalfe hafði lagt stund á norrænar bókmenntir og virðist frá upphafi hafa litið á ferðalag sitt sem bókmenntalega pílgrímsför. Verk hans, *The Oxonian in Iceland*, hefst á tilvitnun í *The Times* þar sem auglýst er sumarsigling gufuskipsins *Arcturus* til Íslands. Í framhaldi eru sviðsettar samræður sögumanns við tilvonandi ferðafélaga og ræða þau um að þarna sé einstætt tækifæri til að sjá með eigin augum staðina sem þau hafi verið að lesa um í Íslendingasögunum: „Þið verðið að heimsækja Hlíðarenda, þar sem hinn óviðjafnanlegi og göfuglyndi Gunnar bjó, og Bergþórshvol þar sem aldni vitringurinn Njáll var brenndur inni, ásamt fjölskyldu sinni og búpeningi af miskunarlausum brennumönnum. Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds þegar þú last söguna.”

Í samanburði við ýmsa breska ferðamenn sem á eftir komu, gerir Metcalfe óvenju víðreist hér á landi. Fyrst heimsækir hann hina sígildu áfangastaði Þingvelli og Geysi en úr Haukadal er haldið norður yfir Kjöl, austur að Mývatni og síðan til baka suður um Skagafjörð, Húnavatnssýslur, Dali og Mýrar. Þaðan er stefnan sett á Heklu og suðurlandsundirlendið. Samhliða ferðasögunni sjálfri endursegir Metcalfe í bók sinni ýmsar íslenskar þjóðsögur og viðeigandi frásagnir úr Grettlu, Vatsdælu, Laxdælu, Eglu og Njálu.

Tuttugasti og fjórði kaflinn er helgaður vitnisburði

þeirrar síðastnefndu. Þingskálar marka vestari mörk söguviðsins en þar er Metcalfe meðal annars bent á tóftir búða þeirra Gunnars og Njáls. Áfram er haldið í átt að Fljótshlíð: við Knafarhóla rifjar Metcalfe upp þegar Starkaður og menn hans sátu fyrir bræðrunum Gunnari, Kolskeggi og Hirti, næst staldrar hann við á bökkum Eystri-Rangár þar sem hestar þeirra Gunnars og Starkaðar áttust við. Á Breiðabólstað tekur séra Skúli Gíslason á móti leiðangrinum og fylgir þeim síðan um Fljótshlíðina. Er það líkast til hans leiðsögn að þakka að Metcalfe getur þess ekki aðeins hvar einstakar persónur Njálu hafi búið heldur segir hann líka deili á Milton-þýðandanum Jóni Þorláksyni, sem fæddist að Teigi, og Bjarna skáldi Thorarensen, sem ólst upp að Hlíðarenda. Metcalfe tekur til þess hve Fljótshlíðinni hafi hrakað síðan Gunnari þótti hún fögur og vitnar í því samhengi til kvæðis Bjarna „Um Fljótshlíð” sem lýsir því hvernig Þverá sker „fætur” hlíðarinnar „upp að knjám”.

Fróðlegt er að bera þessa frásögn saman við lýsinguna á ferð Mackenzies og féлага um sömu slóðir hálfri öld áður. Njáls saga hefur gefið breska ferðamanninum ný augu á umhverfið. Metcalfe virðir fyrir sér útsýnið af hlaði Hlíðarenda - þarna eru Rauðaskriður, Markarfljót, Gunnarshólmi - og einstök atvik sögunnar lífna við í huga hans. Jafnvel smávægilegustu ójöfnur í landslaginu reynast merkingarríkar. Meðfram slóðanum sem liggur frá bænum út að meintum haugi Gunnars er til dæmis lítil þúst, grasi gróið tákn þess hvar hundurinn Sámur liggur grafinn. Síðar sama dag heldur Metcalfe frá Hlíðarenda til Bergþórshvolls og hefur einn ferðafélaginn orð á því að þeir fari sömu leið að bænum og Flosi og menn hans fyrir Njálsbrennu (s. 369). Heimilisfólk á Bergþórshvoli bendir þeim á Flosalág og Káratjörn og hvar bær Njáls hafi staðið, en við nýlegan uppgröft hafi heimamenn komið þar niður á viðarkol, ösku og einhverjar málmleifar. Svo er að skilja að Metcalfe hafi eitthvað af þessum munum heim með sér; óvæfengjanleg jarteikn um að Njálsbrenna hafi átt sér stað.



Þegar ferðalögin, ferðabókaskrifin og þýðingar íslenskra fornþókmennta í Bretlandi eru sett í samhengi má sjá fyrir sér margflókin gagnkvæm áhrif. Texti Njálu mótar ferðalög manna á borð við Metcalfes og Wallers hér á landi og ferðabækur þeirra setja mark sitt á það hvernig breskir lesendur þýðingar Dasents lesa og skilja söguna. Hvert nýtt þókmenntalegt ferðalag miðast við þau eldri, sérhver ferðabók á í samræðu við þær sem áður hafa komið út. Þannig er vettvangskönnun Wallers á Njáluslóðum furðanlega hliðstæð sambærilegri lýsingu Metcalfes, enda flestir viðkomustaðir þeir sömu. Þegar Waller kemur til Bergþórshvols árið 1871 leitar hann til dæmis Káratjörn uppi og getur þess að leifar eftir Njálsbrennu hafi fundist við uppgröft í túninu. Munurinn er sá að ferðalög Metcalfes og annarra forvera Wall-

ers eru nú orðin hluti af „sögunni“. Þannig getur Waller þess að allt sem komið hafi í ljós við uppgröf-inn á Bergþórshvoli hafi samstundis verið „keypt af Englendingum á faraldsfæti sem fara í þílagrímsferð-ir til þessa einstaka staðar“.

Um miðjan áttunda áratuginn er Waller sjálfur orð-inn hluti af þessari framlengdu ferðasögu en þá skrif-ar Richard Burton, í hinu viðamikla verki sínu Ultima Thule, að hin frábæra þýðing Dasents hafi nú þegar sent einn breskan ferðalang til Íslands og að margir fleiri muni örugglega fylgja á eftir. Undir aldamótin er ferðabókmenntahefðin orðin svo við-amikil að frú Disney Leith byrjar ferðabók sína, Three Visits to Iceland, á þeim orðum að með dagbókar-brotum sínum frá heimsóknnum til Skálholts, í Haukadal og á Njáluslóðir sé hún líklega að bera

vatn í bakkafullan læk breskra ferðabók. En hún lætur sig samt hafa það; bók hennar kom út árið 1897. Eftir því sem fleiri ferðabækur voru skrifaðar jókst krafan um að höfundar færu ótroðnar slóðir og að bækur þeirra hefðu sérstöðu gagnvart eldri ritum. Þannig fólust nýmælin í bók Leith meðal annars í viðauka sem geymir þýðingu hennar á „Gunnars-hólma” Jónsar Hallgrímssonar, en líta má á ljóðið sem vitnisburð frægasta íslenska Njálufurðalangsins.

Hvað aðra myndlistarmenn snertir ruddi Waller brautina fyrir viðameiri útgáfuverk á borð Pilgrimage to the Saga Steads of Iceland sem Bretinn W.G. Collingwood og Íslendingurinn Jón Stefánsson sendu frá sér árið 1899. Yfirlýst markmið þessarar glæsilegu myndabókar var að raungera landfræðilegt baksvið helstu Íslendingasagna; að hjálpa lesendum utan Íslands að „sviðsetja þessar sögur, að sjá fyrir sér atburði og atburðarás”. Einn kaflinn er helgaður Suðurlandi - „Country of Burnt Njal” - en auk upprifjunar á viðkomandi köflum Njals sögu og frásögn af ferð þeirra Jóns um Njáluslóðir eru þarna birt landslagsmálverk Collingwoods af (1) Knafahólum, (2) útsýni úr Þríhyrningshálsi til Heklu, (3) útsýni frá Breiðabólstað í átt að Bergþórshvoli og (4) af haugi Gunnars á Hlíðarenda. Í bókinni er einnig hin tilkomumikila mynd af þinghaldi fornanna í Almannagjá.

Í vissum skilningi var Waller einnig brautryðjandi þeirra myndlistarmanna sem hafa myndskreytt ýmsar útgáfur, þýðingar og endursagnir Íslendingasagna á undanförunum 100 árum. Flestir þeirra fara reyndar að dæmi Collingwoods í Þingvallamyndinni og sviðsetja einstaka atburði sögunnar. Á því eru þó markverðar undantekningar, svo sem danski myndlistarmaðurinn Johannes Larsen sem ferðaðist um Ísland árin 1927 og 1930 og teiknaði landslag og bæjarstæði sem tengdust einstökum Íslendingasögum. Myndirnar birtust upphaflega í viðmiklu úrvali sagna á dönsku snemma á fjórða áratugnum. Á Njálu-myndum Larsen má meðal annars sjá blómstrandi hvönn við Bergþórshvol, reiðgötur við Hlíðarenda, heysátur í túni Hofs á Rangárvöllum, bæjarhúsin og

timburkirkjuna að Keldum, að ógleymdum þjóðvegnum í Almannagjá, en hvergi bregður Njálupersónum eða öðru fólki fyrir.

Á undanförunum áratugum hafa ýmsir fræðimenn vakið athygli á því hvernig lýsingar Vesturlandabúa á hinum svonefnda þriðja heimi segja meira um þá sjálfa og afstöðu þeirra til viðfangsefnisins en þá veröld sem þeir telji sig vera að lýsa. Ríkjandi tilhneiging í slíkum ritum er að gera skarpan greinarmun á Okkur og Hinum, því sem er eðlilegt, sjálfgæfið og jafnframt yfirskipað (er eins og við) og því sem megi teljast óeðlilegt, framandi og frumstætt (er ekki eins og við). Í bók sinni, Ísland framandi land, rekur Sumarliði Ísleifsson hvernig skrif erlendra manna um Ísland, sem og myndir af landinu og kort, báru framan af keim af þessum viðhorfum; landsmönnum var gjarnan lýst „sem frumstæðum og siðlausum, sem andstæðu siðmenningarinnar”. Þegar kom fram á nítjándu öldina var Íslendingum í auknum mæli lýst sem göfugum náttúrubörnum. Náttúru landsins var þó áfram lýst sem fullkominni andstæðu hins „-tamda” akurlendis meginlandsins. Lykilhugtök í landslagslýsingum Wallers eru til að mynda orð á borð við „wild” (villt), „impressive” (áhrifrík), „weird” (undarleg) og „ancient” (forn).

Í annan stað er athyglisvert hvernig ferðalýsingarnar sjálfar verða persónulegri eftir því sem líður á nítjándu öldina, fullt eins tjáning á innra sálarlífi ferðalangsins, eins og því sem fyrir augu hans ber. Þannig er tímanna tákn að Waller, ólíkt mörgum fyrirrennrum sínum, skuli kjósa að ferðast einn síns liðs um Ísland, en eins og bandaríski fræðimaðurinn Gary Aho hefur bent á „virðist sem hann telji að reynsla sín verði önnur og jafnvel sannari en hún væri ef hann ferðaðist um landið umkringdur samlöndum sínum”. Lýsing Wallers á fyrsta áfanga ferðalagsins er táknað að þessu leyti en þar er lögð áhersla á þá nautn sem má hafa af því að fara einn saman (þrátt fyrir stöðuga nærveru íslenska leiðsögumannsins):

Þó að ég væri aleinn (ef félagsskapur Bjarna er frá



talinn), hefur mér aldrei á ævinni liðið jafn vel. Það var einhver fylling fólgin í því að ráða einn fyrir slíkri hestalest, og að hafa helgað sig því verkefni að mála í framandi landi; svo ekki sé minnst á það mikla aðdráttarafl sem það hafði fyrir bóhem á borð við mig að láta kylfu ráða kasti, að vera stöðugt í indælli óvissu um náttstaði, máltíðir, eldstæði og önnur hversdagsleg þægindi.

Á móti slíkum upphöfnum lýsingum vega hins vegar bráðskemmtilegar, jarðbundnar frásagnir af basli Wallers við leka málningartúbu (allt málningardótið, fötin, ferðalagið sjálft smitast af djúpláum lit), stríði hans við herskáar flær og reynslu af óbærilegu loftleysi í baðstofunni í Herdísarvík. Síðastnefndu lýsingunni lýkur á því að bóndinn stekkur fram úr rúminu um miðja nótt, kippir korktappa úr

þili og leyfir fersku lofti að streyma inn í hálfa mínútu áður en hann rekur tappann í gatið aftur með þeim ummælum að nú fyllist heimilisfólk líklega af banvænu kvefi.

Fyrri dag sinn á Hlíðarenda skoðar Waller meintar tóftir af skála Gunnars, horfir þaðan út yfir auðnina í átt til sjávar og þykir (rétt eins og Bjarna Thorarensen og Metcalfe) sem landinu hafa hrakað síðan Gunnar sneri „grátandi” aftur. Því næst kemur hann sér fyrir ofar í hlíðinni og rissar upp mynd af bæjarstæðinu með útsýni til suð-austurs. Hann hefur ekki setið lengi við vinnu sína þegar gamall maður kemur til hans, dregur velkta útgáfu af Njálu upp úr þússi sínu og byrjar að lesa upp kaflann um dauða Gunnars. Í ljós kemur að þetta er latnesk þýðing Jóns Jónssonar frá 1809 en í þeirri útgáfu var íslenskur texti

sögunnar einnig prentaður. Sagnaþulurinn sýnir Waller síðan haug Gunnars:

„Þetta er gröf Gunnars,” sagði gamli maðurinn. „Þeir gófu hann hér [...] en andi hans unni sér ekki hvíldar inni í grjóthaugnum. Á stjörnuþjórtum nóttum mátti heyra hér ofan úr hlíðinni sungin stríðsljóðin sem hann söng í lifanda lífi og menn sáu kynjaelda brenna inni í dysinni.”

„Hve undarlegt allt þetta virtist,” bætir Waller við, en líkt og Gary Aho hefur bent á vísar orðið „undarlegt” allt eins til rómantíksk áhuga Wallers á sögunni, sem er svo ákafur að hann „virðist hafa gleymt því að hann kunni ekki nóg í íslensku til að skilja gamla manninn þegar hann las upp úr „velktu útgáfunni””. Aho telur frásögnina skáldaða en það má líka velta vöngum yfir því hvort Waller hafi ekki verið áhorfandi að lítilli leiksýningu sem heimamenn hafi sett á svið fyrir erlenda túrista.

Ekki verður sagt skilið við Waller án þess að minna á tengsl bókar hans við nýlega íslenska skáldsögu, Íslandsförina eftir Guðmund Andra Thorsson frá árinu 1996. Verkið er skrifað sem ferðadagbók ónafngreinds bresks aðalmanns sem heimsækir Ísland ásamt vísindamanninum Cameron á síðari hluta 19. aldar, ef til vill sama sumar og Waller fór hér um. Yfirlýst markmið hans með ferðinni eru að (1) sjá Geysi gjósa, (2) ganga á Heklu, (3) kynna upp-reisnarmönnum, (4) greiða úr eigin tilfinningum, (5) grafast fyrir um ættir móður sinnar, (6) fá innblástur til að gera ljóðabálk um Ísland, (7) vitja Njáluslóða og (8) Þingvalla, (9) skynja til hlítar hinn norræna anda sögueyjunnar og (10) lenda í ævintýrum.

Eins og merkja má af þessum lista er hér um erkitýpíska gerð bresku ferðabókanna að ræða. Þannig hljómar heimsókn sögumanns á Njáluslóðir giska kunnuglega, þar sem heimafólk á Bergþórs-hvoli og Hlíðarenda sýnir komumönnum hin fornu bæjarstæði, Flosalág, Káratjörn, haug Gunnars og grafreit Sáms. Útsýnið frá Hlíðarenda er, eins og í hinum ósviknu ferðabókum, bæði stórbrotið og dap-urlegt:

Markarfljót hefur eytt bleikum ökrum og slegnum túnnum og nú er þar svartur sandur sundurskorinn af miskunnarlausum og sístarfandi ám. Svona er það leikið, ríki Gunnars sem hann lét lífið fyrir. Hver myndi nú snúa aftur til þessa lands ætti hann kost á frægð og frama við erlendar hirðir?

En um leið er verk Guðmundar Andra öðruvísi en ferðabækurnar, uppfyllt af athugasemdum og vísunum sem snerta íslenskan lesanda við lok tuttugustu aldar sérstaklega. Andspænis Ingólfsfjalli velkist dagbókarhöfundur til að mynda í spaugilegum vafa um hvort fyrsti landnámsmaðurinn hafi heitað Ingólfur, Bjólfur eða Bjartur. Sú spurning verður smám saman áleitin hvort samband okkar við eigin sögu sé ekki orðið hliðstætt sambandi hins erlenda ferðalangs við Ísland og Íslendinga á síðustu öld. Við erum utanaðkomandi gestir í framandi fortíð og viðhorf okkar til hennar í senn lituð aðdáun og óbeit: „Mér þykir,” skrifar sögumaður Íslandsfararinnar, „sem ég sé staddur í landi minninganna. Þó virðast hér engar minningar mér tengdar”.

Einhver undarlegustu áhrif Íslandsfararinnar felast hins vegar í því hvernig hún breytir sýn manns á ferðabækur breskra nítjándu aldar höfunda eins og Wallers. Verk Guðmundar Andra felur í sér margfalda ástarsögu sem tengist íslenskum leiðsögumanni þeirra Camerons, fordæmdu sambandi dagbókarhöfundar við gifta enska konu og leit hans að íslenskri móður sinni. Þessi saga verður til þess að maður fer ósjálfrátt að yrkja í eyðurnar þegar Waller hefur í sínu verki orð á fegurð ungu heimsætunnar sem færir honum morgunmat í rúmið á einum þeirra bæja sem hann gistir. Í sinni skáldlegu margræðni vekur Íslandsförin ennfremur athygli manns á því hvernig eftirfarandi lýsing frá hverasvæðinu í Haukadal úr verki Wallers er táknræn útlistun á því hvernig ferðamaðurinn (eða nútímamaðurinn?) les ekki bara forn-ar sögur út úr landslaginu heldur skrifar sjálfan sig inn í þetta sama landslag.

Þegar ég leit ofan í skálina [á Geysi] sá ég að búið var að grafa bókstafi í hana. Já, það fór ekki á milli mála. Jafnvel hér, á eitt hið merkilegasta náttúruund-



ur sem um getur, jafnvel hér hafði hin óviðráðanlegi Breti ritað nafn sitt. Ég hafði séð áletranir af þessu tagi á veggjum margra merkistaða á Englandi – í grafhvelvingum kirkjubygginga okkar, á styttum í söfnunum okkar, og það hafði ekki komið mér á óvart, en ég átti ekki orð þegar ég sá þær í hvernum. Á bakkanum hinumegin fann ég líka á annan tug upphafsstafa og dagsetninga grafinn djúpt í steininn, og nálægt brún uppsprettunnar, í miðri skálinni, liðlega feti undir yfirborði sjóðandi vatnsins, kom ég auga á kvenmannsnafn - enskt - djúpt grafið á tveimur stöðum, „Fanny”, og lengra frá annað nafn, „Laura”. Ég virti þau lengi, lengi fyrir mér og því lengur sem ég hugsaði málið þeim mun meira furðaði ég mig á því að nokkur maður væri slíkur heimskingi að grafa nafn á slíkum stað. Síðan settist

ég aftur niður og dró fram hnífinn minn. Ég snyrti nögl sem var brotin á fingri mínum, tálgaði nokkrar skorur í prik mitt, kroppaði litlar steinflísar úr brún hversins og fór, að síðustu, að dæmi forvera minna og gróf svolítið í steininn; það var kvenmannsnafn – enskt – en þó hvorki Fanny né Laura.

Þessi athöfn vísar líka fram á veginn til þeirra erlendu listamanna sem hafa á síðustu áratugum ekki látið sér nægja að gera eftirmyndir af íslenskri náttúru heldur gert hana að hluta af verkum sínum og jafnvel skilið undirskrift sína eftir í landslaginu.

759.1
+779.36491
+779.4491
Esl

ÍSLAND ÖÐRUM AUGUM LITIÐ

Sýningin hefur verið valin á dagskrá
Reykjavíkur Menningarborgar Evrópu árið 2000

Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús
4. nóvember 2000 - 21. janúar 2001